

Hríseyjarhreppur

Afhending 2007/76

Hrísey er næst stærsta eyjan við Ísland og er um það bil á miðjum Eyjafirði. Hún er um 7 kílómetrar að lengd en 2.5 km á breidd þar sem hún er breiðust en mestur hluti hennar er mun mjórri en það. Flatarmál eyjunnar er um 8 ferkílómetrar.

Talið er að byggð hafi verið í eyjunni síðan á landnámsöld en í Landnámu er talað um að Narfi Þrándarson hafi numið eyjuna fyrstur manna. Meðal elstu bæjarheita í Hrísey eru Syðstibær og Yztibær. Lítið þorp byggðist upp í landi Syðstabæjar í byrjun 20. aldar, í tengslum við síldarveiði Norðmanna í Eyjafirði.

Árið 1975 var opnuð einangrunarstöð fyrir holdanaut í eyjunni. Á tímabili voru naut af Galloway kyni ræktuð í Hrísey og kjötið af þeim var mjög vinsælt. Árið 1989 var einnig opnuð einangrunarstöð fyrir gæludýr en öll starfsemi þessara stöðva var lögð niður árið 2015.

Í Hrísey er góð bryggja sem var endurbyggð árið 1963 og hefur sjávarútvegur lengst af verið aðalatvinnuvegur íbúanna í þorpinu. Á 21. öld hefur einnig verið rekið hótél, kaffihús, verslun, íþróttamiðstöð og sundlaug en erlendum ferðamönnum hefur fjölgað töluvert.

Hrísey tilheyrði Árskógshreppi til ársins 1931 en það ár var Hríseyjarhreppur stofnaður, sem sérstakt sveitarfélag. 1928 var byggð kirkja í Hrísey en prestsetur var ekki í Hrísey fyrr en 1952 en fram að því þjónaði presturinn á Völlum Hríseyjarsókn. Hríseyjarhreppur sameinaðist Akureyrarbæ 1. ágúst 2004 en kosningar um sameininguna fóru fram 26. júní það sama ár.

Íbúum í Hrísey fækkaði mikið á seinni hluta 20. aldar. Flestir voru íbúar í eyinni árið 1944, 383 talsins, en hefur fækkað jafnt og þétt síðan þá. Árið 2021 bjuggu 162 í Hrísey.

Helsta samgönguleiðin milli lands og eyjar er Hríseyjarferjan sem hefur verið starfrækt samfleytt frá árinu 1943 en með ýmsum breytingum þó.

Afhendingin barst frá Elínu Dögg Guðjónsdóttur.

Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 96, 109, 123, 286, 397, 542, 964, 1119, 2007/55, 2008/35, 2009/31, 2009/79, 2010/82, 2015/6 og 2020/45

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

14. mars 2023

Katrín Björg Þórisdóttir
skjalavörður

Geymsluskrá

2007 / 76

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

C-bókhald

CA-almennt

1945 - 1960

CA	1	1	1949 - 1949	Rafveita Hríseyjar reikningsjöfnuður, 31. des 1949.
CA	1	2	1955 - 1955	Rafveita Hríseyjar bók 9, 1955, nóvember-desember.
CA	1	3	1955 - 1955	Rafveita Hríseyjar bók 10, 1955, nóvember-desember og bók 1, 1956, janúar-febrúar.
CA	1	4	1945 - 1945	Skömmtunarbók, sykur.
CA	1	5	1945 - 1945	Skömmtunarbók, sykur.
CA	1	6	1945 - 1945	Skömmtunarbók, sykur.
CA	1	7	1945 - 1945	Skömmtunarbók, sykur.
CA	1	8	1945 - 1945	Skömmtunarbók, sykur.
CA	1	9	1945 - 1945	Skömmtunarbók, sykur.
CA	1	10	1945 - 1945	Skömmtunarbók, smjörlíki.
CA	1	11	-	Skömmtunarbók, óútfyllt
CA	1	12	1960 - 1960	Hafnarsjóður Hríseyjarhafnar. Fastagjöld I.
CA	1	13	1960 - 1960	Hafnarsjóður Hríseyjarhafnar. Aflagjöld I.
CA	1	14	1960 - 1960	Hafnarsjóður Hríseyjarhafnar. Aflagjöld II.
CA	1	15	1960 - 1960	Hafnarsjóður Hríseyjarhafnar. Aflagjöld III.
CA	1	16	1960 - 1960	Hafnarsjóður Hríseyjarhafnar. Batabók I,.
CA	1	17	1960 - 1960	Hafnarsjóður Hríseyjarhafnar. Batabók II.
CA	1	18	1960 - 1960	Hafnarsjóður Hríseyjarhafnar. Batabók III.
CA	1	19	-	Frumbók I „höfnin“ Hrísey.
CA	1	20	1960 - 1960	Aðfluttar vörur, bók I.
CA	1	21	1960 - 1960	Aðfluttar vörur, bók II.
CA	1	22	1960 - 1960	Aðfluttar vörur, bók III.
CA	1	23	1960 - 1960	Aðfluttar vörur, bók 4.
CA	1	24	1960 - 1960	Útfluttar vörur I.
CA	1	25	1957 - 1960	Hríseyjarhöfn, reikningar.